

Til upplýsingar:

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008

Lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018

Kynja- og jafnréttissjónarmið við hönnun og birtingu auglýsinga

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 er kveðið á um bann við mismunun í auglýsingum.

Lög nr. 10/2008:

■ **29. gr.**

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skulu sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna á nokkurn hátt. Óheimilt er að birta slíka auglýsingu í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi.

Úr lögum nr. 85/2018:

■ **11. gr.**

Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu skulu sjá til þess að auglýsingin sé einstaklingum af tilteknum kynþætti eða þjóðernisuppruna ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar eða stríði á nokkurn hátt gegn jafnri meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Óheimilt er að birta slíka auglýsingu í fjölmiðlum eða á öðrum opinberum vettvangi.